

Malbikunarstöð Akureyrarbæjar
Umhverfismiðstöð v/malbikunarstöðvar.
Rangárvöllum 2
603 Akureyri

Reykjavík, 9.6.2022
UST202103-053/F.T.
08.08.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 16. september 2021 þar sem stofnunin óskaði eftir úrbótaáætlun vegna frávíka sem skráð voru í eftirliti þann 7. júlí 2021. Tveimur frávikum var lokað í því bréfi. Þann barst 30. nóvember 2021 barst úrbótaáætlun rekstraraðila vegna útistandandi frávíka.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Í grein 3.8 í starfsleyfi eru losunarmörk fyrir ryk ákvörðuð 50 mg/Nm³. Niðurstöður mælinga á ryki árið 2020 sýna losunina 239 mg/Nm³ og árið 2021 sýna losunina 325 mg/Nm³. Árið 2020 mældist kolmónoxíð 734 mg/Nm³ sem er yfir losunarmörkum. (500 mg/Nm³) **Í úrbótaáætlun rekstraraðila segir að eftir að fengnar hafi verið niðurstöður útblástursmælinga frá 2021 hafi verið brugðist við og farið yfir pokana í stöðinni. Í ljós kom að tveir pokar voru tjónaðir og var þeim því skipt út. Einnig hafi tveir pokar verið marðir og voru þeir lagaðir. Rekstraraðili telur að framangreindar úrbætur séu fullnægjandi til að bregðast við og mun halda áfram að fylgjast grannt með stöðu mála. Rekstraraðili hyggst fá Verkís til að taka aðra mælingu um leið og farið verður að blanda malbik vorið 2022. Umhverfisstofnun óskar eftir upplýsingum um framangreint.**
2. Í grein 3.5 í starfsleyfi er áskilið að útstreymishraði í skorsteini sé a.m.k. 20 m/s (+/- 10%). Í mælingum 6. júlí sl. mældist hann 17,5 m/s sem er undir mörkum. **Rekstraraðili er að skoða þær aðgerðir sem fara þarf í til að framlengja skorstein svo hægt sé að ná a.m.k. 20 m/s (+/-10%) útsteymishraða. Áætluð verklok eru um vor 2022. Umhverfisstofnun óskar eftir upplýsingum um framangreint.**
3. Í grein 3.11 í starfsleyfi eru losunarmörk fyrir olú í frárennsli ákvörðuð 15 mg/ml. Í grein 4.2 í starfsleyfi segir að mæla skuli olú í fráveituvatni að lágmarki árlega. Niðurstöður fyrir mælingar á olú í fráveitu fyrir árin 2020 og 2021 hafa ekki borist. Í sömu grein segir að skila eigi niðurstöðum mælinga til Umhverfisstofnunar. **Að sögn rekstraraðila var gerð mæling á frárennsli í október 2021 sem reyndist vera 45 mg/L. Tekin verður önnur mæling í frárennsli sem fyrst þegar veður leyfir. Þegar niðurstöður liggja fyrir mun þeim vera skilað til stofnunarinnar. Umhverfisstofnun óskar eftir upplýsingum um framangreint. Í ljósi þess að undanfarin ár hefur rekstraraðili ítrekað farið yfir mörk starfsleyfis varðandi olú í frárennsli vatni telur stofnunin rétt að fram fari tíðari mælingar skv. gr. 2.9 í starfsleyfi og fer fram á að teknar verði tvær mælingar í sumar, önnur í upphafi sumars og hin seinni part sumars.**

4. Í grein 3.11 í starfsleyfi er gert ráð fyrir því að frárennsli frá yfirborðsvatni vegna starfseminnar að Súluvegi sé veitt í regnvatnskerfi sveitarfélagsins. Ofanvatn af lóð malbikunarstöðvarinn er ekki leitt í regnvatnskerfi Akureyrarbæjar.

Umhverfisstofnun leitaði álits fulltrúa heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra sem tók undir með rekstraraðila að örðugt væri að tengja lagnir vegna ofanvatns á lóð Malbikunarverksmiðju Akureyrar inn á bæjarkerfi Akureyrar. Ætli rekstraraðili sér að nota mýrina neðan stöðvar sem hreinsivirki (blágræn lausn) fer stofnunin fram á að einnig séu tekin sýni fyrir neðan mýrina (hreinsivirkið), þ.e.a.s. að sýni séu tekin ofan og neðan mýrarinnar.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Gottskálf Friðgeirsson

Frigg Thorlacius